

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 11.03.2015  
Tilv. 2015/0206, EES-reglur) - 0.0.01  
TA

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni - 504. mál.**


Neytendastofa vísar til tölvubréfs ritara nefndasviðs Alþingis dags. 19. febrúar 2015 þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál. Neytendastofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn umsögn um mál þetta og jafnframt er beðist velvirðingar á að vegna mikilla anna var ekki unnt að senda umsögn fyrir 6. mars s.l. eins og óskað var eftir.


Neytendastofa fagnar því að í 27. gr. er nú lagt til með sama hætti og gert var í eldri lögum frá árinu 2001 að löggilda skuli gjaldmæla leigubifreiða. Löggilding gjaldmæla leigubifreiða er brýnt hagsmunamál neytenda, viðskiptalífsins og ríkisins enda slík mælitæki undirorpin skekkjum sem reglulega þarf að lagfæra með kvörðun og löggildingu tækjanna. Það tryggir réttar mælingar sem eru grunnur að gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Þetta ákvæði mun þó ekki ná tilgangi sínum og komast til framkvæmda nema því aðeins að samhliða samþykkt þess frumvarps verði lagt fram frumvarp af hálfu innanríkisráðuneytisins um nauðsynlegar breytingar sem ráðuneytið telur að þurfi að gera svo unnt sé að setja þetta ákvæði í framkvæmd. Forsaga þess máls er að Neytendastofa sendi þann 12. september 2012 drög að reglugerð um framkvæmd löggildingar og eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða. Við frekari meðferð málsins í innanríkisráðuneytinu taldi ráðuneytið vafa leika á því hvort að fullnægjandi lagastoð væri fyrir hendi samkvæmt lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og ákvað að svo stöddu að staðfesta ekki reglugerðina. Mat Neytendastofu sem fer með framkvæmd laga nr. 91/2006 var hins vegar að ákvæði laganna kæmu ekki í veg fyrir setningu reglugerðarinnar, sbr. m.a. bréf og minnisblað stofnunarinnar til innanríkisráðherra dags. 18. október 2013. Sem fyrr segir er það álit ráðuneytisins hins vegar að forsenda þess að hægt sé að gefa út reglugerð um löggildingu gjaldmæla leigubifreiða sé sú að gera þurfi breytingar á lögum nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og því ljóst að umrætt ákvæði frumvarps um farþegaflutninga á landi mun ekki komast til framkvæmda nema því aðeins að Alþingi samþykki samhliða nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 91/2006. Neytendastofa er því reyndar afar hlynnt að endurbætur verði gerðar á ákvæðum IX. kafla laga nr. 91/2006. Þegar að frumvarpið sem síðar varð að lögum nr. 91/2006 var samþykkt breytti þástarfandi þingnefnd sem afgreiddi frumvarpið verulega og í miklum flýti þessum kafla laganna og ákvæðum um gjaldtöku. Ljóst er að fenginni reynslu af framkvæmd laganna þá er eðlilegt að lagfærð verði einhver ákvæði þessa kafla og auk þess verði tryggt að fullnægjandi lagastoð verði fyrir hendi svo unnt verði að setja í framkvæmd

ákvæði 27. gr. frumvarpsins sem hér liggur fyrir. Það mun koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig ekki varðandi þá ákvörðun Alþingis frá árinu 2001 og 2006, sbr. 7. tl. laga nr. 13. gr. laga nr. 91/2006, að gjaldmæla leigubifreiða skuli löggilda, komist ekki í framkvæmd vegna ákvæða sem varða gjaldtökuna. Um leið má að mati Neytendastofu einnig bæta ákvæði sem kunna að vera andstæð jafnfræðisreglu stjórnarskrárinnar vegna mismunar í skattheimtu þegar löggildingargjald er innheimt af eftirlitsskyldum aðilum. Hér má til dæmis benda á ákvæði 2. mgr. 31. gr. laga nr. 91/2006 en þar er kveðið á um löggildingargjald sem fyrirtæki greiðir þegar að t.d. Frumherji ehf. og Löggilding ehf. sem starfa að löggildingu í umboði Neytendastofu innheimtir sitt þjónustugjald af löggildingu mælitækis. Í krafti stærðar, viðskiptavildar eða annars konar sambærilegra ástæðna veita Frumherji og Löggilding sumum löggildingarskyldum aðilum afslátt og öðrum ekki, eða mismikinn afslátt af veittri þjónustu. Hér vakna spurningar um hvort að það sé heimilt með lögum frá Alþingi að framselja ákvörðun til þjónustuaðila á einkamarkaði hver endanleg fjárhæð löggildingargjalds eigi að vera með því að sé látið fylgja einstaklingsbundnum afsláttarkjörum hverju sinni? Tilgangur og eðli þessara löggildingargjalda er allt annar en t.d. virðisaukaskatts sem rennur til ríkissjóðs vegna almennrar og altækrar skattheimtu ríkisins og fellur þannig jafnt til gagnvart öllum virðisaukaskattskyldum aðilum og lýtur því allt öðrum lögmálum. Vegna fenginnar reynslu svo og ákvörðunar innanríkisráðuneytisins varðandi túlkun framangreinds lagaákvæðis sbr. bréf ráðuneytisins til Neytendastofu dags. 9. október 2013 þá er brýnt að þetta ákvæði verði endurskoðað að mati stofnunarinnar. Þá má einnig skoða hvers vegna að sum mælitæki eru undanþegin löggildingargjaldi s.s. vatnsmælur og raforkumælur, sbr. undanþágu þar um í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/2006?

Það er hins vegar alveg ljóst að til þess að unnt verði að hefja framkvæmd við löggildingur gjaldmælar leigubifreiða þá verður Alþingi samhliða samþykkt þessa frumvarps eða gera þær lágmarksendurbætur á ákvæðum laga nr. 91/2006 sem innanríkisráðuneytið telur að séu skilyrði þess að unnt sé að staðfesta og gefa út drög Neytendastofu að reglugerð löggildingur gjaldmæla. Drögin voru sem fyrr segir send fullbúin til ráðuneytisins árið 2012 en hafa verið í biðstöðu vegna þess vafa sem ráðuneytið telur vera fyrir grundvelli til útgáfu hennar sem og gjaldskrár sem nauðsynleg er til þess að unnt verði að hefja framkvæmd. Meðfylgjandi eru einnig afrit sem stofnunin telur að séu gagnleg fyrir nefndarmenn og geta verið til þess fallin að skýra málið frekar. Óski nefndin eftir frekari upplýsingum er stofnunin reiðubúin til þess eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Guðmundur Árnason  
Sviðsstjóri

Fylgiskjal: Bréf Neytendastofu d.18.10.2013, minnisblað d. 8. 10.2013. Bréf innanríkisráðuneytisins til Neytendastofu d. 9.10.2013.

Innanríkisráðuneytið  
Fr. Hanna Birna Kristjánsdóttir ráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík




NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 18.10.2013  
Tilv. 2011/1204 - 0.3.01  
TA

**Efni: Ítrekun á erindi vegna staðfestingar á reglugerð um löggildingu gjaldmæla í leigubifreiðum**

Með bréfi Neytendastofu, dagsettu 12. september 2012, sendi stofnuninni drög að reglugerð um mælifræðilegt eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða til staðfestingar innanríkisráðherra og óskaði eftir staðfestingu hennar í samræmi við fyrirmæli frá Alþingi með lögum settum árið 2001. Við frekari meðferð málsins í innanríkisráðuneytinu var vafi talinn leika á því hvort að fullnægjandi lagastoð væri fyrir hendi fyrir gjaldskrá sem nauðsynleg er til þess að framkvæma framangreinda reglugerð. Neytendastofa sendi ráðuneytinu minnisblað dagsett 8. maí 2013 þar sem rakið er að nú þegar er í auglýsingu innanríkisráðuneytisins nr. 1330/2011 kveðið á um gjald fyrir löggildingarþjónustu sem Neytendastofa veitir. Vandséð er að mati Neytendastofu hvers vegna þessi lagastoð dugi ekki lengur til og spurningar vakna þá um lögmæti framangreindrar auglýsingar frá 2011. Orðalag í lögum má alltaf betrumbæta síðar án þess að það standi í vegi fyrir að gefin sé út auglýsing eins og Neytendastofa hefur lagt til. Slík breyting myndi aðeins vera til þess að lagfæra orðalag en ekki til þess að breyta efni eða túlkun ákvæðisins. Neytendastofa leggur áherslu á að ef lokaniðurstaða ráðherra er sú að breyta þurfi lögum nr. 91/2006 til þess að unnt sé að setja gjaldskrá sem nauðsynleg er til framkvæmdar á reglugerð um eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða þá telur hún nauðsynlegt að farið verði í undirbúning á því að frumvarp þess efnis verði lagt fram þegar í stað til þess að koma í veg fyrir frekari tafir á málinu, en telja verður að frekari dráttur sé bagalegur enda um mikilvægt málefni að ræða fyrir neytendur sem getur ekki dregist lengur, sbr. og lög Alþingis frá 2001. Þá vill Neytendastofa koma því á framfæri að hún er reiðubúin til þess að veita ráðuneytinu alla þá aðstoð sem þörf er á til þess að leysa úr ofangreindum atriðum.

Virðingarfyllt  
í.h Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Helga Sigmundsdóttir  
lögfræðingur

**Fylgiskjöl:** Minnisblað innanríkisráðuneytis, dags. 5. apríl 2013 og minnisblað Neytendastofu, dags. 8. maí 2013.



NEYTENDASTOFA

8. maí 2013

## Minnisblað

Til innanríkisráðuneytisins

Frá Tryggva Axelssyni, forstjóra

### Efni: Gjald fyrir prófun og löggildingu gjaldmæla leigubifreiða – lagagrundvöllur

Í lögum nr. 91/2006 er lagður grunnur að eftirliti með mælitækjum í notkun. Notkun allra mælitækja er ekki eftirlitsskyld heldur þau mælitæki sem Alþingi ákveður að skuli vera undir eftirliti. Dæmi um þetta eru vogir, bensíndælur og gjaldmælar leigubifreiða. Nánari reglur um hvaða tæki skuli vera undir eftirliti og um framkvæmd eftirlits fer eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 91/2006.

Í VI. kafla laganna eru ákvæði um eftirlit með lögnum.

Meginregla laganna er að Neytendastofa fer með eftirlit enda hún lögbært stjórnvald vegna eftirlits með mælitækjum hér á landi. Neytendastofu er þó heimilt að fela öðrum framkvæmd eftirlits með samningi og skal gjaldskrá slíkra einkaaðila þá vera opinber, sbr. þetta ákvæði í 17. gr. laganna:

*“Neytendastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum. Stofnuninni er þó heimilt að fela öðrum að framkvæma eftirlitið með samningi.”*

Í 29. gr. laganna kemur skýrt fram að Neytendastofu ber skylda til þess að starfrækja faggilta prófunarstofu svo unnt sé að sinna því mælifræðilega eftirliti sem löggjöfin mælir fyrir um hverju sinni en þar segir:

*“Neytendastofa skal starfrækja faggilta mælifræðistofu svo að hægt sé að sinna lögbundnu eftirliti eða tryggja að öðrum kosti með samningi aðgang að rekjanlegum kvörðunum.”*

Þetta þýðir að Neytendastofa skal tryggja að innlendir aðilar geti fengið mælitæki löggilt þegar slíkt eftirlit er bundið í lög.

Sé það ekki hægt þá skal hún tryggja milligöngu að slíkum rekjanlegum kvörðunum. Það myndi hún gera m.a. með því að nota sín stjórnslusambönd til annarra systurstofnana t.d. Norðurlöndum og bjóða innlendum aðilum milligöngu um að útvega kvörðun ef stofnunin sjálf getur ekki tryggt þjónustuna.

Til viðbótar við framangreint stjórnvaldshlutverk Neytendastofu þá heldur 29. gr. laganna áfram og segir í 2. mgr. að Neytendastofu sé „heimilt“ að starfrækja kvörðunarþjónustu fyrir atvinnulífið, eða m.ö.o. að reka „þjónustustarfsemi“ sem í eðli sínu eru einkaréttarleg starfsemi og almennt ekki hlutverk stjórnvalda. Þetta er gert vegna þess að Neytendastofa hefur sérhæfðan búnað, sérfræðinga og þekkingu til að veita mjög sérhæfða þjónustu til aðila í atvinnulífi. Þess vegna vill löggjafinn „leyfa“ henni að stunda atvinnurekstur samhliða sínu eftirlits- og stjórnvæðingulutverki.

Sérhæfð vinna Neytendastofu við prófun og stillingar á mælitækjum á ekki að vera ókeypis. Sama gildi ef t.d. Neytendastofa fær annan aðila (s.s. Frumherja) til að vinna að löggildingum í sínu umboði, þá eiga eigendur og ábyrgðarmenn að greiða fyrir þá þjónustu sem fer fram við tækið. Allt frá 1919 er Löggildingarstofa var stofnsett, nú Neytendastofa, hefur prófun og löggilding mælitækja verið í fðstum skorðum eða í nær eitthundrað ár. Eigendur mælitækja hafa greitt fyrir prófun mælitækja hvort sem það er gert vegna lagaskyldu eða af því að þeir óska eftir slíkr kvörðun án þess að lög skyldi þá til þess. Árið 1997 kom það fyrirkomulag fyrst til sögunnar að „úthýsa vissum prófunarverkefnum (löggildingum) til einkaaðila“. Þannig hefur Frumherji hf. starfað í umboði Neytendastofu að löggildingum t.d. voga í verslunum. Greiðslan fyrir þjónustuna fer þá beint frá verslun (eiganda mælitækis) til Frumherja, þ.e. „vinnugjaldið“. Í stað þess að í slíku tilvikum komi engar tekjur til stjórnvaldsins þá mælti Alþingi svo fyrir að þegar þessi aðferð er notuð þá skal þessi einkaaðili sem framkvæmir verkefnið jafnframt leggja á og rukka s.n. „löggildingargjald“ ofan á áðu nefnt „vinnugjald“. Gjald þetta er alls 25% af heildarþjónustugjaldi einkaaðilans skv. reglugerð sem ráðherra hefur sett. Við setningu laganna fékk gjald þetta heitið „löggildingargjald“ enda varð gjaldið að eitthvert nafn þegar löggin voru sett.

Þetta gjald hefur ekkert að gera með gjald sem Neytendastofu sem stjórnvaldi er ætlað að innheimta og er leyft að taka fyrir þau verkefni sem hún vinnur að við prófanir og stillingar á mælitækjum; þ.e. hvort sem slík prófun er staðfest með löggildingum (innsigli) eða kvörðun mælitækis með útgáfu kvörðunarvottorðs.

Þvert á móti segir Alþingi (löggjafinn) að Neytendastofa tekur gjald fyrir veitta þjónustu þegar það á við. Um þetta eru skýr ákvæði í 30. gr. laganna:

*Neytendastofa skal taka gjald fyrir þjónustu sem hún veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla.*

*Að fenginni tillögu Neytendastofu samþykkir og birtir ráðherra gjaldskrá fyrir kvörðunarþjónustu sem hún veitir í samræmi við ákvæði þessa kafla.*

*Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal byggð á eftirfarandi kostnaðarliðum:*

*a. vinnutímagjaldi faggiltu mælifræðistofunnar;*

*b. efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði, þegar það á við;*

*c. gjaldi vegna viðhalds faggildingar;*

*d. hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, aðgangs, viðhalds og endurnýjunar mæligrunna og kvörðunarbúnaðar.*

Framangreint ákvæði er alveg skýrt.

Gjald skal Neytendastofa taka fyrir þjónustu „samkvæmt þessum kafla“, þ.e. eins og áður kemur fram í 29. gr. svo hægt sé að sinna lögbundnu eftirliti en einnig vegna þjónustu fyrir atvinnulífið ef Neytendastofa að eigin vali veitir slíka þjónustu.

Þetta getur ekki verið skýrara að mínu mati.

Eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða er „lögbundið eftirlit“. Jafnframt er ítarlega tilgreint hvernig að gjaldið skuli uppbyggt og samansett, þ.e. hvaða kostnaðarliðir komi þar til. Allt er það í samræmi við kröfur um lögmæti slíkra gjaldtökuheimilda.

Gildandi gjaldskrá innanríkisráðherra, nr. 1330/20110, inniheldur auk þess ákvæði sem varða bæði „löggildingu“ og „kvörðun“. Báðar þessar aðgerðir fela í sér prófun á mælitæki sem miðar að því sama þ.e. stilla tækið til að tryggja að það sýni ávallt réttar mæliniðurstöður. Stundum **krefst löggjafinn** að slík aðgerð skuli fara fram. Í þeim tilvikum er venja að tala um „löggildingu“. Það á við um gjaldmæla leigubifreiða.

Stundum segir ekki er um þetta í lögum en t.d. stjórn fyrirtækis „krefst“ þess að mælitæki séu stillt til þess að tryggja gæði í rekstri o.s.frv. Í því tilviki er venja að tala um „kvörðun“ sem staðfest er með „kvörðunarvottorði“.

Neytendastofa hefur **lagaskyldur** til að tryggja að markmiðum um lögbundið eftirlit sé náð.

Neytendastofu er hins vegar „heimilt“ að veita (eða neita) atvinnulífi um þjónustu og fer það þá eftir ýmsu hvort það er hagkvæmt að veita slíka þjónustu eða ekki. Það fer því eftir ýmsu, t.d. er til búnaður hjá stjórnvaldinu, er eftirspurn eftir þjónustu og fleiri atriði þarf að athuga.

Það er því **misskilningur** að mínu mati í minnisblaði IRR dags. 5. apríl ákvæði laga nr. 91/2006 þar sem minnst er á „löggildingargjald“eigi við um þjónustugjöld Neytendastofu. Eins og skýrt kemur fram í lögnum og er ítarlega rakið hér að framan er þar átt við sjálfstætt gjald sem rennur til Neytendastofu þegar og ef einkaaðili hefur fengið „umboð“ til að starfa að verkefnum sem henni eru annars falin með lögum og varða prófun mælitækja sem er staðfest með löggildingu mælitækisins og áfestingu viðeigandi löggildingartákna. Neytendastofa getur ávallt afturkallað slík umboð og framkvæmir þá prófun og löggildingu sjálf á grundvelli gildandi laga um gjaldtökuheimildir.

Varðandi gjaldmæla leigubifreiða er það Neytendastofa sem framkvæma mun löggildinguna og hefur verðlagt þá þjónustu í samræmi við skýr fyrirmæli laganna. Nákvæm sundurliðun á því hefur borist ráðuneytinu með tillögum um fjárhæð gjaldsins sem innheimta á fyrir þessa þjónustu. Þetta gjald þarf ráðherra að staðfesta með breytingu á gjaldskrá nr. 1330/2011, sbr. meðfylgjandi drög að breytingu á þeirri gjaldskrá.

Eins og áður sagði eru nú þegar eru í gildandi gjaldskrá innanríkisráðherra ákvæði um gjaldtöku Neytendastofu fyrir löggildingu sbr. 3.1. gr. í gjaldskrá nr. 1330/2011. Engin umræða eða vafi kom upp við setningu þeirrar gjaldskrár af hálfu innanríkisráðuneytisins enda verður að telja samkvæmt öllu framansögðu að lagagrundvöllur er traustur fyrir allri gjaldtöku af hálfu Neytendastofu, jafnt vegna þjónustu sem hún veitir vegna við prófun mælitækja, hvort heldur sem er með löggildingu eða kvörðun. Hið sama á við um álagningu

og innheimtu á s.n. „löggingargjaldi“ sem einkaaðilar sem starfa í umboði Neytendastofu innheimta og skila til stofnunarinnar þegar þeir framkvæma prófun og stillingar mælitækja í hennar umboði og sem lokið er með „löggingu“.

**Niðurstaða:**

Neytendastofa og hin faggilta mælifræðistofa sem henni er skylt að starfrækja til að vinna að lögbundnu eftirliti. Skýr lagaheimild er til gjaldtöku skv. lögum nr. 91/2006.

Sama gildir um þjónustu sem Neytendastofa ákveður að veita aðilum í atvinnulífi á svið prófunar mælitækja sem lýkur með kvörðun og útgáfu kvörðunarvottorðs.

Jafnframt er skýr heimild fyrir því að þegar og ef verkefnum er „úthýst“ með umboði til einkarekinnar prófunarstofu þá ber eftirlitsskyldum aðilum að greiða s.n. „löggingargjald“ til viðbótar því þjónustugjaldi sem slík einkarekin prófunarstofa fer fram á fyrir þá þjónustu sem hún veitir. Þetta gjald leggst því ofan á þjónustureikning prófunarstofunnar (Frumherja) og það rennur beint til Neytendastofu.

Auk þess er í lögum um aukatekjur ríkissjóðs kveðið á um viss gjöld, s.s vegna útgáfu skírteina til löggiltra vigtarmanna, o.fl. Óþarfi er að gera sérstaka grein fyrir þeim í sambandi við reglugerð um gjaldmæla leigubifreiða.

**Ekkert er því til fyrirstöðu að staðfesta bæði reglugerð um eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða sem og breytingu á gjaldskrá nr. 1330/2011.**

\*\*\*\*\*

NEYTENDASTOFA			
Verkefni nr.	2013/0513	Ábm.	Tax
Skjalalykill	0.5.01	Aðrir	GA EB
Móttækid	11.10.13	Fskj.	
Athugas.		Trúmm.	



Neytendastofa  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 9. október 2013  
Tilv.: IRR13090201/16.10.7

Efni: Beiðni um túlkun innanríkisráðuneytisins á gjaldskrá nr. 935/2007, um löggildingargjöld mælitækja

Ráðuneytið vísar í bréf Neytendastofu, dags. 17. september 2013. Þar er óskað eftir því að ráðuneytið „staðfesti þá túlkun Neytendastofu sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar annars vegar til Frumherja hf. og hins vegar til Löggildingar ehf. um að löggildingargjald verði vegna meginreglu stjórnsýsluréttar sem fram kemur í jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ávallt að taka mið af opinberri gjaldskrá fyrir þjónustuna en ekki einstaklingsbundnum afsláttarkjörum sem einstakir eftirlitsskyldir aðilar kunna að njóta hjá þessum aðilum.“

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, með síðari breytingum, fer ráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem undir lögin falla. Neytendastofa er falin framkvæmd laganna í umboði ráðherra. Nánara hlutverk Neytendastofu er svo rakið í a.-g. liðum 2. mgr. 4. gr. laganna. Í d.-lið ákvæðisins er Neytendastofu falið að annast yfirtirlit á sviði mælifræði en í því felst, samkvæmt skilgreiningum í 3. gr. laganna, að hafa eftirlit með því að ákvæðum í lögnum og reglum samkvæmt þeim sé fylgt í framkvæmd og yfirumsjón með eftirliti sem einkaaðilar framkvæma í umboði stofnunarinnar. Þáttur í þessu eftirliti er staðfesting þess að mælitæki í notkun uppfylli kröfur laga og reglna. Slíkt eftirlit fer fram með löggildingu mælitækis en í því felst aðgerð til að tryggja og staðfesta formlega að mælitæki fullnægi öllum kröfum. Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 17. gr. laganna er Neytendastofu heimilt að fela einkaaðilum að framkvæma þetta eftirlit með samningi. Neytendastofa hefur gert slíka samninga við Frumherja hf. og Löggildingar ehf.

Við eftirlit Neytendastofu kom í ljós að Frumherji hf. og Löggildingar ehf. hafa á undanförunum árum veitt einstökum viðskiptavinum afslætti eftir umfangi viðskipta og viðskiptatengsla. Af þessu tilefni sendi Neytendastofa framangreindum fyrirtækjum bréf, dags. 5. júní sl., þar sem stofnunin fór fram á að viðeigandi skýrslur vegna löggildingargjalda yrðu leiðréttar ásamt vangreiddum greiðslum. Í síðari bréfaskriftum Neytendastofu til þessara aðila, dags. 1. júlí sl., lýsir stofnunin því mati sínu að það sé hvorki á valdi einkaaðila né einstakra stjórnsýslustofnana að veita afslátt af löggildingargjaldi og að slík framkvæmd feli í sér ólögmetna mismunun og ójafnræði við innheimtu á lögbundnum skatti sem er andstæð bæði lögum og stjórnarskrá. Það sé að mati Neytendastofu skýrt að löggildingargjald eigi að miða við opinberlega birta gjaldskrá einkaaðila.

Um löggildingargjald er fjallað í IX. kafla laga nr. 91/2006. Þar segir í 1. og 2. mgr. 31. gr. að í gjaldskrá sem ráðherra setur skuli kveða á um löggildingargjald sem innheimta skal þegar



Neytendastofa eða aðili sem fengið hefur umboð hennar til löggildingar framkvæmir löggildingu mælitækis. Aðili sem annast löggildingu skal innheimta löggildingargjald af eigendum mælitækis þegar innheimt er greiðsla fyrir veitta þjónustu við mælitækið. Löggildingargjald skal nema 15-25% af því þjónustugjaldi sem innheimt er af eiganda mælitækis þegar löggilding fer fram.

Á grundvelli 1. mgr. 31. gr. laganna setti þáverandi viðskiptaráðherra gjaldskrá nr. 935/2007, fyrir löggildingargjöld á mælitækjum, þar sem ákveðið var að gjaldið skyldi vera 25% af innheimtu gjaldi fyrir veitta þjónustu.


Í 18. gr. laganna er fjallað um gjaldskrá þeirra aðila sem Neytendastofa felur framkvæmd mælifræðilegs eftirlits með samningi. Þar er gert að skilyrði í 1. másl. ákvæðisins að gjaldskráin skuli vera opinber. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 91/2006 segir að ástæðan fyrir því að gjaldskrá skuli vera opinber sé að eigendur mælitækja, sem eru löggildingarskyld, geta ekki valið hvort þeir njóti þjónustu þeirra aðila sem framkvæma mælifræðilegt eftirlit heldur ber þeim skylda til að löggilda mælitæki. Því sé eðlilegt að þeir einkaaðilar sem taka að sér framkvæmd löggildingar birti gjaldskrána sína opinberlega.

Hvergi í framangreindum ákvæðum kemur fram að löggildingargjald skuli vera bundið við opinberlega birta gjaldskrá. Þvert á móti segir í 2. mgr. 31. gr. laganna að löggildingargjald skuli nema 15-25% af því þjónustugjaldi sem innheimt er af eiganda mælitækis þegar löggilding fer fram.

Ráðuneytið fellst því ekki á þá túlkun Neytendastofu sem fram kemur í bréfum stofnunarinnar til Frumherja hf. og Löggildingar ehf.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbergur Björnsson

  
Björn Freyr Björnsson